

155 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun á allrahæstri staðfesting lagatrumvarps um nýja frimerkjagjörð. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. okt. 5. oktbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi sent hingað lagafrumvarp eitt um nýja frimerkjagjörð, sem borið hefur verið upp af hálfu þingmanna og samþykkt á alþingi 1895.

Lagafrumvarp þetta miðar til þess, að í minningu þess að fyrir 25 árum síðan var komið á fót lögbundinni skipun póstmála á Íslandi, skuli frá 1. janúar 1897 leiða í gildi ný íslensk frimerki, þannig að öll frimerki, er nú eru í gildi, missi um leið gildi sitt. Hin nýju frimerki, er vera skulu sem einkenni-legust og fegurst að allri gjörð, skulu að eins gilda sjálfst minningarárið 1897; síðan skal aptur leiða í gildi ný eða þriðju frimerkin, frábrugðin bæði þeim frimerkjum, er nú eru í gildi, og þeim, sem ættu að gilda árið 1897. Leifar frimerkja, sem þannig skulu ganga úr gildi, skal landstjórnin selja á sem haganlegastan hátt og á sem hentugustum tíma. Allar sá ágóði at sölu frimerkja-leifanna og sömuleiðis tje það, er á árinu 1897 greiðist póstsjóði fyrir seld frimerki fram yfir þær tekjur sjóðsins að meðaltali 3 næstliðin ár 1894—1896, að frá dregnum kostnaðinum við gjörð frimerkjanna í bæði skiptin, geymist í sjerstökum sjóði og biður nánari ráðstöfunar fjárveitingarvaldsins.

Jafnframt því að senda hingað lagafrumvarpið, hafið þjer tekið það fram, að, þótt þjer sjeuð eigi alveg sömu skodunar, sem alþingi um það, að hin umrædda ráðstöfun sje æskileg, þá finnið þjer eigi ástæðu til að ráða frá því að hún nái fram að ganga, og því leggið þjer það til, að frumvarpið hljóti allra-hæsta staðfesting, ef ný frimerkjagjörð annars álitist vera löggjafarmálefni.

Það virðist eigi ástæða til að skoda slíka ráðstöfun, sem hjer er um að ræða, einungis umboðslegs edlis, og þannig löggjöfinni óviðkomandi. En aptur á móti hefir ráðaneytið eigi getað álitid frumvarp það, sem um er að ræða, til þess fallið að verða að lögum, vegna tilgangs og edlis þessarar ráðstöfunar sjálfrar.

Svo sem ljóslega kemur fram í ákvæðum frumvarpsins, er því er það aðaltilgangurinn eða reyndar hið eina augnamið það, að afla landssjóði auka-legra tekna með því að selja frimerki þau, sem sumpart gengju úr gildi sumpart fengju gildi samkvæmt hinum umræddu lögum, ekki sem brjefburðarmerki, heldur frimerkjasafnendum. Að þetta hafi verið tilgangurinn, er og beint tekið fram af yður, herra landshöfðingi, að því viðbættu, að í umræðunum hafi verið vikið að því, að ágóðann eigi að nota til sjerstaks fyrirtækis, t. a. m. til að koma upp pósthúsi í Reykjavík, er svaraði til krafna nútímans, þar er geyma mætti, ef til kæmi, eitt eða fleiri af vísindalegum söfnum landsins.

Slíka notkun á rjetti Íslands til þess sem sjerstakur liður póstsambandsins að gefa út eigin frimerki hlaut ráðaneytið að telja miður viðfeldna, og með því að það varð að efa það, að átt hafi sjer stað, að minnsta kosti hjá þjóðfjelogum Norðurálfunnar, frimerkjabreyting samskonar eða líkrar tegundar, þá hefir ráðaneytið leitað upplýsinga hjá aðalpóstsstjórninni í Danmörku, sem gætir rjettar Íslands í alþjóðapóstsambandinu, um þetta, sem og um það, hvernig önn-

ur ríki, og sjerstaklega þau ríki, sem eru í alþjóðapóstsbandsinu, mundu taka ráðstöfun þeirri, sem hjer er um að ræða. 155
10. okt.

Aðalpóststjórnin hefir svo skýrt frá því, að það hafi að vísu komið fyrir, að lönd, sem eru í alþjóðapóstsbandsinu, — reyndar helzt hin minni lönd, — hafi til þess að halda hátíðlega sögulega eða samtíma merkisviðburði leitt í gildi ný frímerki jafnframt hinum almennu frímerkjum, þannig að hin eldri frímerki hafa haft jafnt gildi sem áður, en hin nýju að eins verið í gildi um tiltekinn tíma. Þótt vera megi að meðfram hafi sá tilgangur verið með þessu, að póstsjóði græddist fje, þá hefir það ekki verið aðalástæðan, heldur hitt, að hin nýju frímerki með hinu ytra útliti sínu og vegna hinnar miklu útbreiðslu þeirra skyldu vera eins og nokkurskonar upphvatning til þess að taka þátt í hátíðahöldunum útaf þessum merkisviðburðum. Þótt slík ráðstöfun eigi virðist vera aðfinningarverð, þá verður það eptir skoðun aðalpóststjórnarinnar að teljast allveg gagnstæðilegt ákvörðun frímerkjanna, þeirri að vera brjefburðarmerki, að nota einhvern sögulegan viðburð sem ástæðu til þess að nema úr gildi öll þau frímerki, er í notkun eru, og innleiða önnur ný, til þess að geta seinna selt birgðir þær, sem til eru af frímerkjum, frímerkjakaupmönnum eða frikerkjasaftendum. Slík ráðstöfun, sem einkum miðar til þess að auðga póstsjóð, er, eptir álitinu hinna stærri ríkja í alþjóðapóstsbandsinu að minnsta kosti, óháfileg og miður sæmandi, og hefur aldrei verið gjörð af þessum ríkjum. Eptir því, sem frekast er kunnugt, er farin að koma upp mótstaða bæði frá hálfu margra stjórnarvalda og einstakra manna gegn nýjum frímerkjagjörðum, nema ástæða sje til vegna póstpjónustunnar eða annars slíks, og að líkindum verður þetta atriði tekið til umræðu á póstfundu þeim, sem halda á í Washington að ári. Loks sýnir hin danska póststjórn sína eigin skoðun á hinni umræddu ráðstöfun með því að lýsa yfir því að síðustu, að verði ný frímerki leidd í gildi 1897 og 1898 samkvæmt lagaftumvarpi alþingis, þá muni hún eigi geta veitt aðstoð sína við slíka frímerkjagjörð.

Ráðaneytið fyrir Ísland hefir auðvitað við þetta hlotið að styrkjast í skoðun sinni á ftumvarpinu, og það virðist mega ætla, að hið umrædda ftumvarp hafi náð samþykki að eins vegna þess, að alþingi, eins og eðlilegt er sökum þess, hve landið er afskekkt, hefir eigi verið kunnugt þessu málefni, nje vitað álit það um þetta efni, sem ræður meðal þeirra þjóðftjelaga, er álíta sig bundin einnig í sjerstökum landsmálum við sameiginlegt lögmál og reglur — en meðal þessara þjóðartftjelaga vill Ísland bæði teljast, og hefir heimting á að teljast, sem hluti hins danska ríkis og sem sjerstakt þjóðftjelag; — þannig hefur ráðaneytið eptir þessu eigi getað annað en ráðið frá því að ftumvarpið eðlilt lagagildi með allrahæstri staðfestingu.

Í allraþegnsamlegustum ummælum sínum um málið hefir ráðaneytið því lagt það til að hið umrædda lagaftumvarp fengi eigi allrahæsta staðfesting, og hefir hans hátign konunginum þann 25. f. m. allramildilegast þóknast að fallast á það.

Þetta er yður herra landshöfðingi, hjer með þjónustusamlega til vitund-

155 ar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna 10. okt. ásamt áður nefndu brjefi yðar*.

156 Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um alþingissamþykkt útaf at-
10. okt. hugasemdum endurskoðenda landsreikninganna. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 21. desbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem samþykkt hefir verið af báðum deildum alþingis 1895 útaf tillögum endurskoð-
enda landsreikningana, snertandi reikningana fyrir 1892 og 1893, og er þingsá-
lyktunin þannig:

»Alþingi ályktar að skora á stjórnina að hlutast til um:

1. Að landsreikningnum fylgi framvegis yfirlit yfir öll lögboðin árgjöld af prestaköllum og tillög til þeirra, ásamt skýrslu um, hvornig þau eru greidd.

2. Að hverjum landsreikningi fylgi sundurliðuð skýrsla um allan málskostnað, greiddan úr landsjóði, og um endurgjald hans.

3. Að lán sje eigi veitt úr viðlagasjóði gegn fasteignarveði, nema fyrir liggi virðingargjörðir á fasteignum.

Þjer hafið nú látið í ljósi, að þjer að yðar leyti hafið ekkert á móti því að 2. og 3. liður þingsályktunarinnar sje tekinn til greina, en um 1. liðinn hafið þjer með skírskotun til svara yðar upp á athugasemdir endurskoðenda landsreiknings fyrir 1892, 15. tölulið nr. 5, tekið það fram, að fylgiskjöl hins um-

*) Brjef landshöfðingja:

Alþingi það, er kom saman á þessu ári, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt frumvarp eitt um nýja frímerkjagjörð, er borið hefur verið upp af þingmanna hálfu, og leyfi jeg mjer að senda frumvarp þetta ásamt danskri þýðing.

Umgetið lagafrumvarp miðar til þess, að leiða í gildi íslenzk frímerki með nýrri gjörð, og falli hin eldri frímerki úr gildi í árslok 1896, í minning þess að 1897 eru liðin 25 ár síðan hin íslenzku póstmál fengu hina núgildandi skipun með tilskipuninni frá 26. febrúar 1872. Hin nýju frímerki skulu samt að eins vera í gildi árið 1897; skulu þá aptur gjörð ný frímerki, er eiga að vera frábreytt bæði þeim frímerkjum, sem nú eru í gildi, og hinum, sem yrðu í gildi 1897. Það á þannig á tveggja ára tímabili að breyta tvisvar um frímerki, en verðgildum skal haldið hinum sömu sem áður, að viðbættum tveim verðgildum almennra frímerkja, nefnilega 1 eyris og 25 aura, og tilgangurinn er auðvitað sá að græða fje á aukinni sölu hinna nýju frímerkja og á því að selja frímerkjakaupmönnum og frímerkjasafnendum það, sem eptir yrði af ógildum frímerkjum; en alþingi hefir látið í vèðri vaka, að ágóðann eigi að nota til sjerstaks fyrirtækis, t. a. m. til að koma upp pósthúsi í Reykjavík, er svaraði til krafna nútímans, þar er geyma mætti, ef til kæmi, eitt eða fleiri af vísindalegum söfnum landsins.

Þótt jeg sje eigi alveg sömu skoðunar sem alþingi um það, að hin umgetna ráðstöfun sje æskileg, finn jeg eigi ástæðu til að ráða frá því að henni sje komið í verk, og ef hið háa ráðaneyti skyldi álíta að ný frímerkjagjörð sje eigi löggjafarmál, og því eigi sjá sjer fært að leggja það til, að umrætt lagafrumvarp hljóti allrahesta staðfesting, leyfi jeg mjer virðingarfyllt að leggja það til, að óskir alþingis, sem koma fram í frumvarpinu, verði uppfyllt ar fyrir ráðstöfun umboðsvaldsins.